

Verzlunarskóli Íslands (VÍ), kt. 690269-1399 og mennta- og menningarmálaráðuneytið (ráðuneytið), kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. með síðari breytingum.

Samningurinn er um það hvernig VÍ uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

VÍ er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi VÍ þjóna því.

VÍ starfar samkvæmt skipulagsskrá sem gerð var fyrir *Sjálfsseignarstofnun Verzlunarskóla Íslands* og starfar skólinn undir vernd Viðskiptaráðs Ísland. Þar segir m.a.: „Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.”

Markmið og námsframboð skólans markast að miklu leyti af þessum meginmarkmiðum skólans, sem honum eru settar með skipulagsskránni.

Markmið skólans er að:

- búa nemendur undir það að fara í frekara nám í háskóla eða sérskóla á háskólaskólastigi.
- brautskráðir nemendur verði færir um að stunda rekstur og viðskipti í íslensku atvinnulífi.
- búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.
- skapa umhverfi sem stuðlar að heilbrigðu lífni.
- nemendum líði vel í skólanum.

VÍ er fjögurra ára framhaldsskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi. Skólinn er opinn nemendum alls staðar að af landinu og starfar í bekkjardeildum. Einnig býður skólinn upp á fjarnám þar sem nemendur geta tekið staka áfanga eða lokið verslunarprófi og stúdentsprófi.

M
IO

Stjórnskipan VÍ er með þeim hætti að Verslunarráð Íslands myndar fulltrúaráð skólans, skipar 5 manna skólanefnd og ræður skólastjóra. Skólastjóri ræður síðan annað starfsfólk. Skólastjórn er skipuð skólastjóra, áfangastjóra, fjarnámsstjóra og yfirkennara.

Gildi skólans eru:

- **Hæfni:** Við viljum kunna okkar fag og sýna alúð og metnað í starfi. Búa yfir færni til miðlunar og samskipta og hafa frumkvæði að því að tileinka okkur nýjungar.
- **Ábyrgð:** Sinna starfi okkar og námi af heilindum og trúmennsku. Gætum að orðspori skólans og þeirra sem þar starfa með því að vera góðir málssvarar og fyrirmynd.
- **Virðing:** Sýnum hvert öðru skilning og virðum ólík viðhorf og skoðanir. Verum umburðarlynd og ástundum stundvísí og áreiðanleika.
- **Velliðan:** Við viljum leggja grunn að jákvæðu andrúmslofti og gagnkvæmu trausti þar sem vel er búið að starfsfólki og nemendum.

3. Viðfangsefni

VÍ stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

Almennur hluti skólanámskrár VÍ er birtur á heimasíðu skólans:

<http://www.verslo.is/skolinn/skolanamsskrar/> .

VÍ býður á nám til stúdentsprófs á fjórum mismunandi brautum, en nemendur fá einnig verslunarpróf eftir tveggja ára nám á bóknámsbrautum. Að auki er boðið upp á tveggja ára nám á *verslunar- og frumkvöðlabraut* og ljúka nemendur þá framhaldsskólaprófi af þeirri braut. Stefnt er að því að allir áfangar sem kenndir eru í dagskóla verði einnig í boði í fjarnámi. Þetta gildir reyndar ekki um áfanga á verslunar- og frumkvöðlabraut enn sem komið er.

Námsbrautir VÍ eru:

- *félagsfræðabraut*
 - *alþjóðasvið*
- *málabraut*
- *náttúrufræðibraut*
 - *eðlisfræðisvið*
 - *líffræðisvið*
- *viðskipta- og hagfræðibraut*
 - *hagfræðisvið*
 - *viðskiptasvið*
- *verslunar- og frumkvöðlabraut*

W
IO

b. Skólabragur

Ví leitast við að leysa úr málum er varða réttindi og skyldur nemenda í samræmi við lög og góða stjórnýslu. Skólareglur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/skolinn/skolareglur/>

Ví setur sér jafnréttisáætlun og er hún birt á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/media/frettir/Jafnrettisaaetlun-VI.pdf/>

Einelti er ekki liðið innan skólans eins og á heimasíðu skólans eru áætlanir til þess að bregðast við ef grunur vaknar um einelti: <http://www.verslo.is/skolinn/einelti/>

Ví leggur áherslu á forvarnarstarf og veita nemendum aðhald og aðstoð með heilbriggt og öflugt félagslíf. Stefna skólans í forvörnum er sýnileg á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/nemendur/forvarnir/>

Ví er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli.

Ví leggur áherslu á góða upplýsingagjöf til foreldra og gefur út Vefrit til þess að miðla upplýsingum til foreldra. Vefritin birtast á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/foreldrar/vefritid/>

Foreldrafélag Verzlunarskóla Íslands er virkt félag sem vill stuðla sem auknum gæðum skólans og að bæta jafnt almenn og einstaklingsbundin skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og farsæls þroska. Stjórn félagsins fundar með skólastjórnendum einu sinni á önn. Lög félagsins og fundargerðir eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/foreldrar/foreldrarfelag/>

Skólaráð Ví samanstendur af skólastjórnendum, námsráðgjafa, tveimur fulltrúum kennara og tveimur fulltrúum nemenda. Skólaráð fundar einu sinni á önn og oftár ef þörf krefur.

c. Innritun og brotthvarf

Ví tekur þátt í sameiginlegri innritun með sama hætti og aðrir framhaldsskólar skv. nánari ákvörðun ráðuneytisins. Innritunarreglur eru sýnilegar á heimasíðu skólans: <http://www.verslo.is/kynning/innritun/>

Brottfall á vorprófum var rétt um 2% sbr. töflu hér að neðan:

Nemendur sem tóku próf vorið 2011				
	fjöldi nemenda í próf	fullnægjandi árangur	þurfa að endurtaka einn eða fleiri áfanga	endanlegt fall, hafa ekki endurtökurétt
3. bekkur	311	226	79	6
4. bekkur	301	195	100	6
5. bekkur	312	215	90	7
6. bekkur	293	287		6

M Ió

d. Kennslufyrirkomulag

Ví leggur áherslu á að veita kennurum svigrúm til þess að beita þeim kennsluaðferðum sem þeir telja henta hverju sinni. Stefna skólans er hlúa vel að skólaþróunarverkefnum og bjóða kennurum og nemendum upp á aðstöðu sem hentar vel til nýbreytnistarfa. Ví leggur áherslu að allur aðbúnaður til tilrauna, verkefnavinnu, heimildaöflunar og tölvunotkunar sé eins og best verður á kosið í framhaldsskólum landsins.

Námsáætlanir hveurrar annar fara í skjalahólf nemenda og birtast á heimasíðu skólans. Í námsáætlun er tíundað kennslufyrirkomulag hvers áfanga ásamt skiptingu námsmats í vinnu- og prófseinkunn.

e. Nemendur með sérþarfir

Ví leggur áherslu á að koma til móts við nemendur með sérþarfir, t.d. með lengri próftíma, stoðtímum eða námsáföngum sem styðja við nemendur sem á þurfa að halda. Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku fara í áfangann NÁM193 þar sem kennari aðstoðar nemendur á einstaklingsmiðuðum forsendum. Þessir nemendur fá lengri próftíma.

Nemendur sem greinst hafa með lesblindu og hafa skilað vottorði þar að lútandi eru skráðir í NÁM293 og fá sér kennslu í málfræði og stafsetningu. Nemendur í NÁM293 fá lengri próftíma.

Nemendur sem ekki hafa náð tilskyldri færni í réttitun að loknum áfanganum ÍSL103 gefst kostur á að bæta sig frekar í áfanganum STA101.

f. Mat og eftirlit með gæðum

Í mars 2007 var gerð úttekt á vegum menntamálaráðuneytisins á sjálfsmatsaðferðum Ví. Að fengnum gögnum sem skólinn skilaði inn um sjálfsmat við skólann og eftir fund með skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, áfangastjóra og gæðastjóra, kom eftirfarandi niðurstaða ráðuneytisins 12. september 2007: „Verzlunarskóli Íslands uppfyllir bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats. Ráðuneytið fagnar þessum niðurstöðum.“

Skv. lögum um framhaldsskóla frá 2008 ber skólanum að taka saman sjálfsmatsskýrslu til að finna megi á einum stað hvað gert hefur verið til að meta starfið við skólann og hvernig brugðist hefur verið við því mati. Slík skýrsla var birt í fyrsta sinn á vorönn 2009. Nýjasta sjálfsmatsskýrslan er öllum aðgengileg á heimasíðu skólans:

<http://www.verslo.is/skolinn/sjalfsmat/>

4. Sérstök rekstrarverkefni

Engin

5. Markmið og tímabundin verkefni

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið fyrir næsta (skóla)ár skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

M

I.O

a. Markmið

Markmið VÍ eru leidd af áherslum í starfsemi skólans er hann rækir hlutverk sitt. Í viðauka sett fram markmið skólans að umbótum og leiðir að þeim.

b. Tímabundin verkefni

Tímabundin verkefni VÍ styðja við hlutverk skólans og markmið hans. Njóti verkefni fyrirgreiðslu ráðuneytisins eða fjárstyrks, skal ganga frá slíku skriflega eða í samningi áður en verkefni hefst.

6. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur FE. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Verzlunarskóli Íslands

- Birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- Birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu (skóla)ári.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- Skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- Þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- Skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- Skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- Gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.
- Gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum fráviks og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- Birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- Birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- Getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- Ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.

M

IO

- Staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- Byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- Annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

7. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2017.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 22/3 2013
Staður og dagsetning


Mennta- og menningarmálaráðherra


Skólastjóri

**Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2017
milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins
og Verzlunarskóla Íslands**

Vorið 2012 var hafin vinna að stefnumótun Verzlunarskólans fyrir framtíðina. Stjórn skólans vann að framtíðarsýn skólans og lagði drög að vinnu sem hefjast á haustið 2012 í þeim tilgangi að efla skólann enn frekar. Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á næstu árum, bæði í kennsluháttum og tækni. Megin niðurstöður þessarar stefnumótunarvinnu voru að búa þarf skólanum frjótt umhverfi til þess að þróast og að hafa gott samráð við starfsfólk og nemendur skólans. Í framhaldinu verða ýmis verkefni sett á laggirnar.

Haldið var Skólaþing VÍ með þjóðfundarsniði. Þar settust nemendur og starfsfólk saman og ræddu um framtíðarhorfur skólans. Gera má ráð fyrir að markmið skólans taki mið af þeirri vinnu þegar fram í sækir og líður á veturinn. Vonir standa til að ný markmið líti dagsins ljós fyrir haustið 2013 sem endurspeglar þessa vinnu.

a. Markmið:

1. Í árlegri viðhorfskönnun nemenda er m.a. könnuð líðan nemenda. Markmiðið er að hlutfall nemenda sem líður vel/mjög vel í skólanum verði yfir 90% eftir viðhorfskönnun skólaárið 2013-2014.
2. Innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 verði lokið í ágúst 2014 og starfað samkvæmt þeim frá hausti 2015.
 - a. Kennarar riti áfangalýsingar í námskrárgrunn á vorönn 2013.
 - b. Áfangalýsingar og námsbrautir verði settar í námskrárgrunn á vorönn 2014.
3. Allir kennarar við skólann hafi kennsluréttindi frá og með skólaárinu 2013-2014.
4. Að allir áfangar sem verða teknir til kennslu í samræmi við nýja skólanámskrá, verði tilbúnir til fjarkennslu eigi síðar vor 2015.
5. Hlutfall fjarnemenda sem tekur próf verði orðið 80% í síðasta lagi í maí 2013.
6. Að allir nemendur hafi fartölvur með sér í skólann frá og með haustönn 2015.
7. Námskeið og vinnustofur sem styðja við tölvustudda kennslu verði þróaðar á vorönn 2013.

Tímabundin verkefni:

Tölvustudd kennsla: Nefnd sem skoðar kosti þess að þróa breytta kennsluhætti með notkun fartölva í skólastofu. Lokið: maí 2013